



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 3. júlí 2023
2306997/205.00 SSF

Efni: Svar bæjarritara við fyrirspurn frá bæjarfulltrúa, Sigurbjargar E. Egilsdóttur, um hvort farið hafi verið að verklagsreglum við ákvörðun um þjónustu arkitekts.

Um er að ræða tilboð sem Kópavogsbær óskaði eftir frá arkitekt um þarfagreiningu út frá hugmyndasöfnun íbúa og tillögu fyrir menningarmiðju Kópavogs. Samkvæmt tilboði felst í því undirbúningur, þarfagreining, forsögn og skissutillögur og verði tillagan unnin í samráði við KRADS arkitektastofu. Tilboðið er að fjárhæð 3.900.000 kr. Undirritaður hefur kallað eftir upplýsingum um málið frá innkaupadeild og forstöðumanni menningarmála.

Lög um opinber innkaup nr. 120/2016.

Sveitarfélaginu ber að bjóða út á Íslandi innkaup opinberra aðila á vörum og þjónustu yfir 18.519.000 krónum. Í 1. gr. reglugerðar nr. 1000/2016, um innkaup sem falla undir félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu samkvæmt lögum um opinber innkaup, er tekið fram að þjónusta á sviði menntunar, heilsugæslu og menningarstarfsemi falli þar undir. Að þessu gættu og að virtum úrskurðum kærunefndar útboðsmála virðast innkaupin geta verið þáttur í menningarstarfsemi sveitarfélagsins. Virðist því mega leggja til grundvallar að svo stöddu að innkaup á þjónustu umrædds arkitekts hafi lotið að kaupum á annarri sértækri þjónustu í skilningi VIII. kafla laga nr. 120/2016. Viðmiðunarfjárhæð vegna innkaupa á opinberum þjónustusamningum um slíka þjónustu, sem gerðir eru af opinberum aðilum, er 112.724.000 kr. og skulu slíkir samningar gerðir í samræmi við VIII. kafla laganna. Í því felst að kaupanda er frjálst að ákveða hvernig staðið skuli að framkvæmd verks eða veitingu þjónustu og þá gildi lögin aðeins að takmörkuðu leyti um slík innkaup.

Innkaupreglur Kópavogsbæjar.

Samkvæmt gildandi innkaupareglum Kópavogsbæjar skulu innkaup yfir 500.000 kr. án gildandi samnings gerð í samráði við innkaupadeild sem meti viðeigandi innkaupaleið. Áður en kaup voru ákveðin á þjónustu umrædds arkitekts átti forstöðumaður menningarmála og bæjarritari fund með innkaupastjóra og sviðsstjóra fjármálasviðs um þjónustu arkitektsins. Niðurstaðan var sú að um útlit og hönnun menningarhúsanna giltu önnur sjónarmið en um aðrar byggingar, t.d. skóla, þar sem menningarhúsin kalli á ákveðna fagurfræði og listræna nálgun sem ekki verði valin í verðkönnun. Sjónarmið um reynslu, þekkingu og fyrri verk vegi þungt í slíku verkefni og því hafi það verið metið viðeigandi innkaupaleið að forstöðumaður menningarhúsa myndi finna sérfræðing sem gæti hentað í verkefnið að því gefnu að verð fyrir þjónustuna væri ásættanleg og hagkvæmt að teknu tilliti til þess sem þekkist í þjónustu sambærilegra sérfræðinga í öðrum verkefnum.

Samantekt

Innkaup á þjónustu umrædds arkitekts voru ekki útboðsskyld þar sem innkaupin náðu ekki lágmarksfjárhæðarviðmiðunum auk þess sem sérreglur gilda um innkaup tengdri menningarstarfsemi. Samráð var því haft við innkaupastjóra Kópavogsbæjar í samræmi við

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026



innkaupareglur bæjarins. Við ákvörðun um þjónustu arkitekts var þannig farið að lögum og reglum sem innkaupin gilda.

Virðingarfyllt,
f.h. bæjarritara

Steinn S. Finnbogason
lögfræðingur